



Útskriftarnemar opnuðu sýningu á verkum sínum í Hafnarhúsi



Morgunblaðið/Helgi Snær

Þræðir Verk útskriftarnema í fatahönnun eru fjölbreytileg og forvitnileg, eins og sjá má.



Pilluglös Efniviður listamanna getur verið allt mögulegt, t.d. tóm pilluglös.

» Útskriftarsýning BA-nema í arkitektúr, hönnun og myndlist og MA-nema í hönnun við Listaháskóla Íslands var opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, um helgina og á föstudag var haldin foropnun fyrir fjölskyldur útskriftarnema. Sýningin stendur yfir til 24. maí og ber yfirskriftina Af ásettu ráði. Sýningarstjórar eru Birgir Örn Jónsson, Signý Þórhallsdóttir og Una Björg Magnúsdóttir. Yfir 70 nemendur sýna verk sín í húsinu og eru þau af ýmsum toga og hugmyndaflugið mikið, eins og sjá má.



Kíkt Sýningargestur gægist í gegnum verk úr pilluspjöldum og garni.



Skúlpúr Í sal á jarðhæð má sjá verk útskriftarnema við myndlistardeild.



Bleikt Forvitnilegt verk eins útskriftarnemanna baðað bleiku ljósi.